



Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi – tilvísun í mál R19110090

Á fundi borgarráðs 14. nóvember 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Fyrirspurn frá Flokki fólksins vegna kostnaðar á breytingum á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi. Í þessu máli liggja orðið mikið magn af gögnum. Talað er um að hafa þetta fyrirkomulag til 10 ára og að hagræðing verði um 2 milljarðar. Þessi breyting er í óþökk við íbúa Staðarhverfis. Sagt er að með þessari breytingu sé mikill ávinningur, fjárhagslegur og faglegur. Flokki fólksins finnst að þegar talað er um ávinning verður að taka afstöðu og liðan fólks með umrædda ákvörðun inn í myndina. Rökin gegn þessum breytingum eru mörg og hafa kannski ekki verið vegin og metin af hlutlausum aðila við rökin sem sögð eru vera með þessum breytingum.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvað undirbúningsferli vegna breytinga á skólalaldi í Grafarvogi hefur kostað?

Úr skýrslu starfshópsins:

Í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á nemendafjölda í einstökum starfsstöðvum grunnskóla í norðanverðum Grafarvogi á undanförunum árum ákvað skóla- og frístundaráð, á fundi sínum þann 12. mars s.l., að fela sviðsstjóra SFS að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd skóla- og frístundastarfs í núverandi skólalshverfum Kelduskóla og Vættaskóla. Starfshópurinn skyldi skipaður þremur fulltrúum frá skólaráðum úr hvorum skóla, þ.e. fulltrúa foreldra, kennara og stjórnanda auk framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar og fulltrúa skóla- og frístundasviðs. Skrifstofustjórum grunnskóla- og frístundamála fagskrifstofu var falið að leiða hópinn auk þess sem starfsmaður hópsins skyldi vera frá skrifstofu SFS.

Í starfshópnum sátu:

- Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Gufunesbæjar
- Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Kelduskóla
- Eva Vilhjálmsdóttir, fulltrúi kennara Kelduskóla
- Gunnar Bessi Þórisson, fulltrúi kennara Vættaskóla
- Halla Magneudóttir, fulltrúi foreldra Vættaskóla
- Kristjana Erlén Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra Kelduskóla
- Sigrún Harpa Magnúsdóttir, matssérfræðingur SFS
- Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS
- Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS
- Þuríður Óttarsdóttir, skólastjóri Vættaskóla

Starfshópurinn skilaði viðamikilli skýrslu um allt undirbúnings- og innleiðingarferlið sem kynnt var í skóla- og frístundaráði þann 25. júní 2019,

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/163_1.1_framtidarskipulag_skola-og_fristundastarfs_i_nordanverdum_grafarvogi.pdf

Starfshópurinn fundaði samtals 13 sinnum á tímabilinu frá 21. mars – 7. júní 2019. Ekki var sérstakur kostnaður vegna starfa hópsins.

Fjöldi starfsmanna, tími sem varið var er í verkefnið, launakostnaður?

Laun verkefnastjóra voru 3,3 milljónir króna á tímabilinu mars 2019 til júní 2019. Verkefnastjóri kom einnig að starfi þriggja innleiðingarhópa sem settir voru á laggirnar við hvern skóla. Í öllum þremur hópunum voru einnig einstaklingar sem þegar voru á launum hjá skóla- og frístundasviði og því skapaðist ekki viðbótarkostnaður. Upplýsingar um launakostnað vegna verkefnisins liggja ekki fyrir en gróflega má áætla að frá byrjun undirbúnings á verkefninu til vors 2020 liggi hátt í 25 vinnuvikur starfsmanna á skrifstofu SFS.

Tími og laun við að svara óánægðum íbúum, skeytum, síma og sitja fundi?

Fimm kynningarfundir voru haldnir í skólunum með skólaráðum og stjórnnum foreldrafélaganna, foreldrum, öðrum forráðamönnum og starfsfólki. 16 tölvupóstar bárust skrifstofu SFS vegna fyrirhugaðra breytinga á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi og vegna starfa starfshóps sem skipaður var til að koma með tillögur til framtíðar. Einn tölvupóstur barst frá stjórn foreldrafélaganna, sjö frá foreldrum í Kelduskóla, sex frá foreldrum í Vættaskóla og tveir frá íbúum. Ekki var haldið frekar utan um nákvæmt tímamagn eða aðrar fyrirspurnir, enda lögð megináhersla á að svara fyrirspurnum og ábendingum sem bárust óformlega beint í gegnum innleiðingarhópana.

Kostnaður við innleiðingarferlið, innleiðingarhóparnir, tími og laun?

Sjá svar ofar.

Aðkeypt þjónusta, kostnaður vegna aðkeypts verkefnastjóra?

Sjá svar ofar.

Samgöngubætur sem gera þarf í tengslum við þessar breytingar til að börnin komist örugg á milli heimila og skóla?

Mikið og náð samstarf var haft við íbúa í norðanverðum Grafarvogi í tengslum við samgöngumál. Var m.a. haldinn fjölmennur vinnufundur til að greina þá staði sem foreldrar og starfsfólk skólanna ásamt nemendum höfðu áhyggjur af.

Úr skýrslu starfshópsins:

Í rýnihópum og aðsendum erindum komu fram áhyggjur um fjarlægðir á milli skóla- og heimilis, almenningssamgangna á milli hverfa og umferðaröryggi barna. Í viðmiðum skóla- og frístundasviðs er almennt gert ráð fyrir að nemendur þurfi ekki að ganga lengri leið en 1,5 km í skólann. Ef leiðin er lengri, er boðið upp á skólaakstur eða strætókort/ strætómíða.

Eins og fram kemur að ofan, þá var rætt um að bæta þyrfti strætisvagnasamgöngur. Íbúar telja ekki nægilegt að það séu samgöngur á milli hverfa, heldur þurfi einnig að huga að fleiri stoppum, tíðni ferða og að tímataflan henti grunnskólanemendum í hverfinu. Einnig að tengja þurfi hverfin í norðanverðum Grafarvogi betur saman með almenningssamgöngum. Varðandi yngri börnin og stefnu borgarinnar í umhverfismálum og þéttingu byggðar, telur starfshópurinn mikil tækifæri fólgin í því að ala upp yngstu kynslóðina við notkun strætisvagna og draga úr „skutli“ foreldra.

Þær breytingar og umbætur sem gerðar voru á samgönguleiðum voru unnar af umhverfis- og skipulagsviði undir faglegri stjórn Guðbjargar Lilju Erlendsdóttur deildarstjóra samgangna. Breytingarnar voru kynntar foreldrum og öðrum sem voru í innleiðingahópunum við undirbúning

skólabreytinganna.

- Leiðakerfisbreytingarnar voru með í þeim gögnum sem kynntar voru margsinnis fyrir innleiðingarhópnum. Framan af var gert ráð fyrir að breytingarnar gætu tekið gildi á sama tíma og skólabreytingarnar en fljótlega varð ljóst að það yrði ekki fyrr en ári síðar þ.e. núna haustið 2021.
- 3. júní 2019 var sendur póstur á íbúaráðið með ósk um að fá að kynna leiðakerfisbreytingarnar þar en ráðið var komið í sumarfrí svo af því varð ekki.
- 6. júlí – birti Reykjavíkurborg frétt um málið til kynningar fyrir alla íbúa. Þar eru góðar myndir og hlekkur á glærुकynningu frá Strætó um málið: <https://reykjavik.is/frettir/breytingar-leidum-7-18-og-6-i-nordur-grafarvogi>
- Til viðbótar má segja að breytingarnar hafi verið kynntar íbúum með viðamiklu samráði Strætó í tengslum við nýtt leiðakerfi Strætó haustið 2019, sjá nánar hér: <https://straeto.is/uploads/files/930-6dcbf14bb2.pdf> Í því ferli komu engar ábendingar fram varðandi Borgir og Víkur í Grafarvogi.

Annað sem ekki er nefnt hér að ofan en tengist breytingarferlinu og undirbúningi þess.


Úr lokaorðum skýrslunnar:

Starfshópurinn er þess fullviss að með þeirri faglegu nálgun sem viðhöfð var við öflun upplýsinga sem leiddu til þeirra tveggja tillagna sem hér eru lagðar fram, að þær ákvarðanir sem teknar verða um framtíð skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvegi verði nemendum til heilla.

Skólastarf í norðanverðum Grafarvogi eftir breytingar hefur nú staðið í á annað ár og er í miklum blóma.

Beðist er velvirðingar á þeim tögum sem orðið hafa vegna umsagnar um þessa fyrirspurn.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs